

Þriðjudaginn 25. október 1988.
 Nr. 159/1985. **Steingrímur Steingrímsson**
Haraldur Steingrímsson og
Gilbert Sigurðsson
 vegna þrotabús Pólarhúss hf.
 samkvæmt 114. gr. laga nr. 6/1978
 (Þórólfur Kr. Beck hrl.)
 gegn
Ragnari Tómassyni
Þorsteini Steingrímssyni og
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
 (Baldur Guðlaugsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari og Sigurður Lindal prófessor.

Pólarhús hf. skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1985. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði upp-
 kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 20. maí 1986. Á skiptafundi í
 þrotabúinu 20. október s.á. var ákveðið að búið héldi rekstri máls-
 ins ekki áfram. Steingrímur Steingrímsson, Haraldur Steingrímsson
 og Gilbert Sigurðsson, sem allir höfðu lýst kröfum í búið, óskuðu
 að málinu yrði haldið áfram og gengu inn í málið samkvæmt
 heimild 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Dómkröfur þeirra eru
 þessar: „Aðalkrafa: Að kaupsamningur milli Pólarhúss h.f. og
 stefndu um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg í Reykjavík dagsettur
 15. nóvember 1982 verði dæmdur ógildur svo og afsal seljanda til
 stefndu fyrir sömu eign dagsett sama dag. Ennfremur að viður-
 kenndur verði með dómi eignarréttur seljanda að innréttingum í
 kjallara, sem settar hafa verið upp á vegum stefndu eftir að mál
 þetta var höfðað.

Fyrsta varakrafa: Að staðfest verði með dómi riftun Pólarhúss
 h.f. sem fram fór 17. maí 1984 á kaupsamningi um húseignina nr.
 11 við Vatnsstíg dagsettum 15. nóvember 1982.

Jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu er borin fram sú dómkrafa að stefndu verði óskipt (solidarískt) gert skylt að aflétta af húseigninni nr. 11 við Vatnssstíg skuld að fjárhæð kr. 1.000.000,- við Sparisjóð Reykjavíkur samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu 1. desember 1982 af Innréttingaval h.f., Sundaborg 14, Reykjavík, áhvílandi á 10. veðrétti í fasteigninni og enn fremur skuld við Sparisjóð Reykjavíkur kr. 550.000,- samkvæmt skuldabréfi útgefnu 17. nóvember 1982 af Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni áhvílandi á 9. veðrétti í fasteigninni svo og öðrum skuldum er stefndu kunna að hafa veðsett fasteignina nr. 11 við Vatnssstíg fyrir að viðlögðum 4.000,- kr. dagsektum fyrir hvern sólarhring sem liður frá lögbirtingu dóms og þar til veðskuldum hefir verið aflétt af fasteigninni við Vatnssstíg.

Enn fremur er sú dómkrafa borin fram jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu, að dæmdur verði ógildur viðaukasamningur málsaðila, vegna húseignarinnar nr. 11 við Vatnssstíg, dagsettur 15. nóvember 1982 og staðfest með dómi riftun Pólarhúss h.f., á samningi þessum.

Önnur varakrafa: Að stefndu verði óskipt (solidarískt) dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 3.218.863,- með 36% ársvöxtum af kr. 698.863,- frá 15. nóvember 1983 til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1984, en 19% ársvöxtum af kr. 3.218.863,- frá 1. mars 1984 til 1. febrúar 1985, en síðan er krafist 3,75% dráttarvaxta á mánuði af kr. 3.218.863,- frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.218.863,- frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1985 til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 6. maí 1987, en með 30% ársdráttarvöxtum frá 6. maí 1987 til 1. júní 1987, en með 33,6% ársdráttarvöxtum frá 1. júní 1987 til 1. júlí 1987, en með 36% ársdráttarvöxtum frá 1. júlí 1987 til 1. ágúst 1987, en með 40,8% ársdráttarvöxtum frá 1. ágúst 1987 til 1. september

1987, en með 42% ársdráttarvöxtum frá 1. september 1987 til 1. október 1987, en með 43,2% ársdráttarvöxtum frá 1. október 1987 til 1. nóvember 1987, en með 45,6% ársdráttarvöxtum frá 1. nóvember 1987 til 1. desember 1987, en með 49,2% ársdráttarvöxtum frá 1. desember 1987 til 1. janúar 1988, en með 51,6% ársdráttarvöxtum frá 1. janúar 1988 til 1. mars 1988, en með 45,6% ársdráttarvöxtum frá 1. mars 1988 til 1. maí 1988, en með 44,4% ársdráttarvöxtum frá 1. maí 1988 til 1. júlí 1988, en með 52,8% ársdráttarvöxtum frá 1. júlí 1988 til 1. ágúst 1988, en með 56,4% ársdráttarvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 1. september 1988, en með 49,2% ársdráttarvöxtum, þ.e. hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á hverjum tíma, frá 1. september 1988 til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist að kveðið verði á um það í dómsorði að tildæmdir áfallnir vextir fyrir tímabilið fyrir 1. febrúar 1985 skuli þann dag bætast við höfuðstól og dráttarvextir reiknast af höfuðstól þannig upphækkuðum, og síðan þannig af höfuðstól að viðbættum áfallandi dráttarvöxtum á tólf mánaða fresti, talið frá 1. febrúar 1985.

Prautavarakrafa: Að stefndu verði (solidarískt) dæmdir til að greiða áfrýjendum kr. 3.227.519,- eða lægri fjárhæð að mati dómsins með 36% ársvöxtum af kr. 1.435.019,- frá 15. nóvember 1983 til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1984, en 19% ársvöxtum af kr. 3.227.519,- frá 1. mars 1984 til 1. febrúar 1985, en síðan er krafist 3,75% dráttarvaxta á mánuði af kr. 3.227.519,- frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.227.519,- frá 1. mars 1985 til 1. júní 1985, en frá þeim tíma með sömu dráttarvöxtum og af annarri varakröfu, sem áður eru raktir, fyrir tímabilið til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist að kveðið verði á um það í dómsorði að tildæmdir áfallnir vextir fyrir tímabilið fyrir 1. febrúar 1985 skuli þann dag bætast við höfuðstól og dráttarvextir reiknast af höfuðstól þannig upphækkuðum, og síðan þannig af höfuðstól að viðbættum áfallandi dráttarvöxtum á tólf mánaða fresti, talið frá 1. febrúar 1985.

Ef dómurinn leiðréttir kaupverð eignarinnar á staðgreiðslugrund-

velli, er krafist vaxta með sama hætti og greinir í héraðsdómi af slíkri leiðréttingu frá 15. febrúar 1983 til 1. febrúar 1985, en frá 1. febrúar 1985 er krafist 3,75% dráttarvaxta á mánuði til 1. mars 1985 og síðan eru gerðar sömu dráttarvaxtakröfur og af annarri varakröfu, sem fyrr eru raktar.

Krafist er frávísunar frá Hæstarétti á aðalkröfu stefndu samkvæmt greinargerð þeirra til Hæstaréttar Íslands, svo og á skuldajafnaðarkröfur þeirra.“

Áfrýjendur krefjast málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu Ragnars og Þorsteins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnvart stefnda Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði sýknaðir af málskostnaði sem dæmdur var í héraði en málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndu Ragnar Tómasson og Þorsteinn Steingrímsson krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara krefjast þeir sýknu af öllum kröfum áfrýjenda. Þeir krefjast og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda.

Stefndi Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi var málatalbúnaði áfrýjenda mjög ábótavant í héraði, dómkröfur þeirra tóku miklum breytingum, uppbygging þeirra var ruglingskennd og málsástæður ekki hnitmiðaðar. Fallast má á, að þetta hafi orsakað framlagningu ónaúðsynlegra skjala og allt of umfangsmiklar yfirheyrslur. Er þessi málatalbúnaður áfrýjenda, sem réttilega er átalinn í héraðsdómi, brýnt brot á grundvallarreglum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Framsetning dómkrafna og málflutningur áfrýjenda fyrir Hæstarétti hefur ekki leitt til þess að unnt sé að leggja efnisdóm á málið. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma Steingrím Steingrímsson, Harald Steingrímsson og Gilbert Sigurðsson vegna þrotabús Pólarhúss hf. óskipt til greiðslu málskostnaðar eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Steingrímur Steingrímsson, Haraldur Steingrímsson og Gilbert Sigurðsson vegna þrotabús Pólarhúss hf., greiði stefndu Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni óskipt samtals 75.000,00 krónur í málskostnað og stefnda Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis samtals 15.000,00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. mars 1985, hefur Pólarhús hf., nnr. 7123-2972, Súðarvogi 7, Reykjavík, höfðað með stefnu birtri 15. júní 1983 og framhaldsstefnu birtri 5. desember 1984 á hendur Ragnari Tómassyni hdl., nnr 7185-5902, Dofra v/Vesturlandsveg, og Þorsteini Steingrímssyni, löggiltum fasteignasala, nnr. 9758-1327, Viðimel 27, Reykjavík. Jafnframt var það með stefnu, birtri 16. júní 1983, höfðað gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, nnr. 8328-6328, Skólavörðustíg 11, Reykjavík. Þeirri málsókn var þó breytt í réttargæslu í þinghaldi 6. janúar 1984.

Endanlegar dómkröfur stefnanda gagnvart Ragnari og Þorsteini koma fram á dómskj. nr. 82 og 83 og eru þessar:

Aðalkrafa:

Að kaupsamningur milli málsaðila um húseignina nr. 11 við Vatnsstíg í Reykjavík, dagsettur 15. nóvember 1982, verði dæmdur ógildur svo og afsal stefnanda til stefndu fyrir sömu eign, dagsett sama dag. Ennfremur að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur framhaldsstefnanda að innréttingum í kjallara sem settar hafa verið upp á vegum stefndu eftir að mál þetta var höfðað.

Fyrsta varakrafa:

Að staðfest verði með dómi riftun Pólarhúss hf. á kaupsamningi málsaðila um húseignina nr. 11 við Vantsstíg dagsettum 15. nóvember 1982.

Jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu er borin fram sú dómkrafa að stefndu verði óskipt (solidarískt) gert skylt að aflétta af húseigninni nr. 11 við Vatnsstíg skuld að fjárhæð kr. 1.000.000,00 við Sparisjód Reykjavíkur samkvæmt tryggingarbréfi útgefnu 1. desember 1982 af Innréttingarvali, Sundaborg 14, Reykjavík, áhvílandi á 10. veðrétti í fasteigninni og enn-

fremur skuld við Sparisjóð Reykjavíkur að fjárhæð kr. 550.000,00 samkvæmt skuldabréfi útgefnu 17. nóvember 1982 af Ragnari Tómassyni og Þorsteini Steingrímssyni áhvílandi á 9. veðrétti í fasteigninni svo og öðrum skuldum er stefndu kunna að hafa veðsett eða munu veðsetja fasteignina nr. 11 við Vatnsstíg fyrir að viðlögðum 4.000,00 kr. dagsektum fyrir hvern sólarhring sem liður frá lögbirtingu dóms og þar til ofangreindum veðskuldum hefur verið aflétt af fasteigninni nr. 11 við Vatnsstíg.

Ennfremur er sú dómkrafa borin fram jafnhliða aðalkröfu og fyrstu varakröfu, að dæmdur verði ógildur samningur málsaðila vegna húseignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg, dagsettur 15. nóvember 1982, og staðfest með dómi riftun stefnanda á samningi þessum.

Önnur varakrafa:

Stefndu verði óskipt (solidarískt) dæmdir til að greiða stefnanda kr. 4.615.319,00 með 42% ársvöxtum frá 15. nóvember 1982 til 15. júní 1983 en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 47% frá þeim tíma til 20. september 1983, en 39% vöxtum frá þeim tíma til 20. október 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. september 1984, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Brautavarakrafa:

Stefndu verði (solidarískt) dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.883.419,00 eða lægri fjárhæð að mati dómsins með 42% ársvöxtum frá 15. nóvember 1982 til 15. júní 1983 en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 47% frá þeim tíma til 20. september 1983, en 39% vöxtum frá þeim tíma til 20. október 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim tíma til 20. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. september 1984, en 32% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Þess er og krafist að staðfestur verði með dómi réttur stefnanda til að draga að afhenda stefndu hæð húseignarinnar nr. 11 við Vatnsstíg uns fullnaðargreiðsla kaupverðs hefur farið fram og niðurstaða liggur fyrir í dómsmáli þessu.

Þess er krafist í öllum tilvikum að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður allur úr hendi hans, þ.m.t. málflutningslaun skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu réttargæslustefnda er gerð krafa um málskostnað. Sátaumleit-anir hafa engan árangur borið.

— — —

Niðurstaða málsins verður því sú að stefndu skuli greiða stefnanda samtals kr. 447.000,00. Vanskilavextir reiknast eins og í dómSORði greinir af kr. 47.000,00 vegna standsetningar íbúðanna frá afhendingu þeirra til Reykjavíkurborgar 15. febrúar 1983 til 15. júní 1983, en dómvextir skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags með hliðsjón af kröfugerð stefnanda.

20% ársvextir reiknast af kr. 400.000,00 í samræmi við kaupsamning frá 1. febrúar 1983 til fyrsta gjalddaga, 1. febrúar 1984, en dómvextir skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags með hliðsjón af kröfugerð stefnanda.

Rétt þykir skv. niðurstöðu málsins og með tilliti til kröfugerðar stefnanda að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Rétt þykir með tilvísun til 1. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 að stefnandi greiði réttargæslustefnda kr. 10.000,00 í málskostnað.

Málatilbúnaði stefnanda hefur frá upphafi verið mjög ábótavant, dómkröfur hafa þurft mikilla lagfæringa við, uppbygging þeirra hefur verið ruglingskennd og málsástæður verið óhnitmiðaðar. Þetta hefur orsakað framlagningu ónauðsynlegra skjala og allt of umfangsmiklar yfirheyrslur. Ekki verður hjá því komist að átelja þennan málflutning.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Helga V. Jónssyni, lögfræðingi og endurskoðanda.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ragnar Tómasson og Þorsteinn Steingrímsson, greiði in solidum stefnanda, Pólarhúsi hf., kr. 47.000,00 með 42% ársvöxtum frá 15. febrúar 1983 til 15. júní 1983, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði stefndu, Ragnar og Þorsteinn, in solidum stefnanda, Pólarhúsi hf., kr. 400.000,00 með 20% ársvöxtum frá 1. febrúar 1983 til 1. febrúar 1984, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Hvor aðili greiði sinn kostnað af málinu.

Stefnandi, Pólarhús hf., greiði réttargæslustefnda, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, kr. 10.000,00 í málskostnað.